



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. nóvember 2018.

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, 149. löggjafarþing 2018–2019, 45. mál.**

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) styður frumvarp þetta og tekur undir þau sjónarmið er fram koma í greinargerð, þ.e. að 4. tl. 1. mgr. 6. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins skipti útlendingum á Íslandi í tvo hópa þar sem annar hópurinn hafi sömu tækifæri og Íslendingar til að starfa hjá ríkinu en hinn ekki. Í greinargerðinni er enn fremur bent á að Ísland skeri sig úr meðal norrænna ríkja hvað ákvæðið varði, hvorki í Svíþjóð, Danmörku, Noregi né Finnlandi sé lengur að finna ákvæði sem þessi og að alls staðar séu störf hjá ríkinu aðgengileg þeim sem hafi tilskilin atvinnuleyfi.

Í ljósi þessa hvetur MRSÍ til að frumvarp þetta verði gert að lögum.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

-----  
Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri